

Föstudaginn 23. febr. 1934.

Nr. 88/1933. **Mjólkurfélag Reykjavíkur**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

bæjarsjóði Reykjavíkur

(Garðar Þorsteinsson).

Lögtak fyrir samvinnuskatti samkv. 38. gr. 1. nr. 36/1933.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 20. júlí 1933: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða fúgetaréttarúrskurði verður eigi álitíð, að sérreglan í 3. lið 38. gr. í lögum nr. 36/1921 um skatt samvinnufélaga til sveitar- og bæjarsjóða sé numin úr gildi með hinni yngri löggjöf um tekjur bæjar- og sveitarfélaga. Sérstaklega skal tekið fram, að ekkert bendir til þess, að ætlast hafi verið til, er útsvarslögin nr. 46/1926 voru sett, að nefnt sérákvæði skyldi falla niður, enda er þetta lagaákvæði eigi meðal þeirra lagafyrirmæla, sem úr gildi eru numin með 35. gr. útsvarslaganna, sem þó hefir inni að halda ítarlega, og að því er virðist, tæmandi, upptalningu á þeim lagafyrirmælum, er úr gildi skyldi falla með gildistöku útsvarslaganna.

Þer því samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta hinn áfrýjaða fúgetaréttarúrskurð, og verður þá jafnframt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 250 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Mjólkurfélag Reykjavíkur, greiði stefnda, bæjarsjóði Reykjavíkur, 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að Mjólkurfélag Reykjavíkur hefir eigi fengið til að greiða samvinnuskatt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, að upphæð kr. 5677,78, fyrir árið 1931 með gjalddaga 2. janúar 1932, hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur krafist lögtaks á samvinnuskattinum, en gerðarþoli hefir mótmælt því að lögtakið næði fram að ganga, og hefir ágreiningurinn verið lagður undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarþoli byggir neitun sína, um greiðslu skattsins. á því, að heimild sú í 38. gr. 3. lið laga nr. 3 frá 1921, sem veitt sé til að leggja skatt þenna á, sé nú niðurfalinn samkvæmt ákvæðum greinarinnar sjálfrar um að samvinnufélög greiði slíkan skatt þangað til gagnger endurskoðun hafi farið fram á tekjum sveitar- og bæjarsjóða. Heldur gerðarþoli því fram, að slík endurskoðun á löggjöfinni hafi nú farið fram, með því að síðan hafi verið sett lög um öll þau gjöld sem fyrrnefnd 38. gr. ræðir um, svo sem með sveitarstjórnarlögunum, útsvarslögunum og lögum um fasteignaskatt. Gerðarþoli heldur því hinsvegar fram, að hin nýja löggjöf hafi ætlazt til að samvinnuskatturinn félli niður þar sem hún hefir engin sérstök ákvæði sett um hann.

Gerðarbeiðandi heldur því aftur á móti fram, að ákvæði greinarinnar geti ekki fallið úr gildi án þess að beint lagafyrirmæli komi til, enda sé það matsatriði hvernær lagaendurskoðun þessi sé „gagnger“ og slík mat heyrir undir löggjafann sjálfan, en ekki dómstólana.

Það virðist enn verða að líta svo á, að enda þótt löggjöf sú sem gerðarþoli hefir bent til, hafi verið sett eftir

að fyrrgreind lög nr. 36 frá 1921 urðu til, þá upphefji það ekki ákvæði það, sem hinn umkrafði skattur byggist á, úr því að hvergi verður séð í síðari löggjöf að svo skuli vera, enda er hér um að ræða sérreglu, sem ekki verður felld úr gildi nema með beinu lagafyrirmæli og er þá heldur eigi unnt að taka til greina hin framkomnu mót-mæli gegn framgangi gerðarinnar.

Mánudaginn 26. febrúar 1934.

Nr. 105/1933. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Ingibjarti Magnússyni

(Jón Ásbjörnsson).

Áfengisлага- og bifreiðalagabrot.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 2. ágúst 1933: Ákærður. Ingibjartur Magnússon, skal sýkn vera af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Hinsvegar skal hann sviftur öku-leyfi í 6 mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, svo greiði hann og 150 króna sekt í ríkissjóð. Verði sektin ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, komi í stað sektarinnar 10 daga einfalt fangelsi.

Þá greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 30 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Magnúsar Thorlacius, cand. jur.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og segir í dómi undirréttarins hlaut lög-
regluþjónninn, Guðbjörn Hansson, er var í bifreið-
inni R. E. 397, meiðsli við árekstur bifreiðanna og
er það nú upplýst með læknisvottorði, útgefnu 28.
nóv. f. á., að af meiðslunum var brot á hnéskelinni